

Mál nr. 198/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar SAD cars ehf. (S)
og slysátryggingar launþega****Vinnuslys við fall á gólfi 17.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið í tímabundnu starfi hjá S frá 01.03. 2011 til 18.09. 2011. Hún kveðst hafa runnið til í olíupolli á verkstæðisgólfi þann 17.09. 2011 sbr. fyrirliggjandi gögn. Óhapp þetta var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 07.10. 2011.

M gerir kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda úr slysátryggingu launþega og ábyrgðartryggingu sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gagnrýnir vinnubrögð vátryggingafélagsins sem hafi ekki svarað öllum bréfum hans sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið segir að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu vegna slysátryggingar launþega þrátt fyrir umfjöllun M í málskotinu en félagið hafnar bótaskyldu ábyrgðartryggingar. Fyrir liggi að M var ein að störfum þegar hún slasaðist og ein til frásagnar. Því hafi ekki verið á móti mælt að M hafi runnið til í olíu á verkstæðisgólfi. Olía geti lekið af vélum eða hafa farið í gólfið þegar olíu er bætt á bifreiðar. Þrátt fyrir að S leggi áherslu á að olía sem fari niður sé þrífín upp og húsnæðinu sé haldið þrífalegu er líkast aldrei unnt að koma í veg fyrir að engin olía verði eftir á gólfi, sér í lagi þegar um olíusmit er að ræða. Virðast aðstæður þannig að miðað við eðli starfseminnar, reynslu M og aðbúnað á vinnustað, að M hefði átt að getað forðað slysi með eðlilegri aðgæslu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að ágreiningslaust sé að bótaskylda sé fyrir hendi úr slysátryggingu launþega, líkt og fram kemur í bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2012.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu ábyrgðartryggingar S. Ósannað er að rekja megi slysið til varnrækslu starfsmanna S eða aðstæðna sem S ber skaðabótaábyrgð á. Eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir hefur í för með sér að olía getur lekið niður. Mikilvægt er að þrifa gólf eftir því sem unnt er. Þegar um verkstæði er að ræða verða starfsmenn að vera því viðbúnaðir að olía geti verið á gólfi í einhvern tíma.

Breytir ekki ofanrituðu í þessu tilviki þó að Vinnueftirlitið hafi ekki rannsakað vettvang slyssins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi úr slysátryggingu launþega.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu S.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.